



Íbúaráð Háaleitis og Bústaða
bt. Dóru Magnúsdóttur, formanns

Málsnúmer: USK2019110080
08. apríl 2020

Umferðaröryggisaðgerðir í Hlyngerði, Seljugerði og Viðjugerði

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur mótttekið bréf (ódagsett) ásamt undirskriftalista frá íbúum við Hlyngerði, Seljugerði og Viðjugerði. Þar er tilteknum umferðaröryggisaðgerðum, þar sem göngustígur þverar göturnar, mótmælt. Byggjast athugasemdir íbúa einkum á því að aðgerðirnar þrengi að eignum sem liggja næst göngustígnum og að aðgerðirnar séu ekki til þess fallnar að auka öryggi vegfarenda á göngustígnum. Er þess krafist af hálfu íbúa að umræddar aðgerðir verði fjarlægðar.

Ekki er hægt að taka undir þær kröfur eða fullyrðingar sem fram koma í bréfi íbúa. Aðgerðirnar sem ráðist var í við umræddar götur, þ.e. skilti á steiptum stólpum með merkingum, hafa þann tilgang að bæta sýn milli gangandi og hjólandi vegfarenda á stígnum og akandi vegfarenda. Lausnir sem þessar hafa verið settar niður víðar í borginni við góða raun. Það er mat Reykjavíkurborgar að umræddar merkingar dragi úr hættu á umferðarslysum. Tilefni uppsetningar umræddra aðgerða er slys sem varð 2016 í Hlyngerði, en sá sem fyrir slysinu varð hjólaði af göngustígnum beint út á götuna í veg fyrir bifreið. Tveimur árum síðar barst borginni einnig ábending frá íbúa sem hafði orðið vitni að sambærilegu atviki í Seljugerði þar sem næstum því varð slys.

Á það skal minnt, að á hverju ári vinna borgaryfirvöld að því að tryggja umferðaröryggi allra borgarbúa óháð ferðamáta í samræmi við umferðaröryggisáætlun borgarinnar sem þó leggur sérstaka áherslu á öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Verkefni eru um alla borg en ekki síst í eldri og grónari hverfum. Aðgerðum er forgangsraðað eftir mikilvægi þeirra innan þess fjármagns sem veitt er í öryggisaðgerðir ár hvert. Verður að telja að hagsmunir borgarbúa af bættu umferðaröryggi vegi þyngra en hagsmunir einstakra fasteignaeiganda vegna mögulegra óþæginda sem þeir telja sig verða fyrir vegna aðgerða borgaryfirvalda í þeim efnum.

Samkvæmt framansögðu mun Reykjavíkurborg því ekki verða við framkomnum kröfum um að fjarlægja umræddar aðgerðir við göturnar. Reykjavíkurborg mun þó skoða hvaða aðrar leiðir eru færar til að tryggja bætt öryggi allra vegfarenda sem fara þarna um. Slík skoðun tæki mið af áhrifum mögulegra aðgerða, umfangi og kostnaði. Verði lagðar til breytingar á útfærslu verða þær kynntar íbúum umræddra gatna. Endanleg ákvörðun um breytingar er þó háð samþykkt borgarráðs á hverjum tíma.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála